

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	23.11.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór Gunnarsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum, rekstraraðili sendi inn skráningar þann 5. febrúar sl. og telst frávikinu því lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Geymsla úrgangs á urðunarstaðnum
- Skráning úrgangs
- Önnur mál

Á urðunarstaðnum í Álfsnesi var heimilt að urða 120.000 tonn af úrgangi árið 2020, 77.000 árið 2021 og 38.000 árið 2022 og 2023. Samkvæmt skráningum voru urðuð 105.254 tonn árið 2020 sem er vel innan heimilda starfsleyfisins.

Í eftirliti 19. maí sl. var sett fram ábending vegna varanlegrar geymslu úrgangs á urðunarstaðnum. Við eftirlit nú hafði rekstraraðili gert úrbætur vegna þessa. Úrganginum hefur nú verið komið í viðeigandi farvegi. Annað efni og tækjabúnaður sem er í geymslu á staðnum tilheyrir rekstri urðunarstaðarins og er því í samræmi við IV. tl. gr. 1.2 í starfsleyfinu.

Farið var yfir skráningar úrgangs fyrir 2020. Skoðaðir voru ýmsir úrgangsflokkar, magntölur og farvegir þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er stefnt að því að bæta flæði úrgangs inn á urðunarstaðinn með því að beina öllum úrgangi í Gufunes þannig að það megi flokka hann betur. Þannig verður betri nýting á urðunarstaðnum og stærra hlutfall af úrgangi fer í endurnýtingu.

Rekstraraðili kynnti nýtt kerfi sem heldur utan um ýmis gagnasöfn sem varða urðunarstaðinn.

Rætt var um skráningar og mælingar fyrir urðunarstaðinn, en þeim á að skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2020 höfðu ekki borist við eftirlit og er það frávík frá gr. 5.4 í starfsleyfi urðunarstaðarins.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Fram kom að afar lítið væri nú eftir af núverandi urðunarrein og leitar rekstraraðili því ýmissa leiða til að draga úr magni úrgangs til urðunar. Hluti af haugnum í urðunareininni er nú kominn í endanlega hæð og frágangur og uppgræðsla hafin. Þá voru steinefnahaugur og geymslusvæði skoðuð. Staðfest var að rekstraraðili hefur gengið frá þeim úrgangi sem var í geymslu og er nú á geymslusvæðinu einungis efni og tækjabúnaður sem tilheyrir starfsemi urðunarstaðarins.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

gr. 5.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs ársins 2020 bárust eftirlitsaðila 5. febrúar 2022.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.02.2022



Sigríður Magnúsdóttir

